



## Hreppsnefnd 06.02.2003

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps miðvikudaginn 6. febrúar 2003 kl. 16.00 í Miklagarði. Mættir: Emil Sigurjónsson oddviti, Sigurveig Róbertsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Björn Halldórsson, Steindór Sveinsson, Björn H. Sigurbjörnsson og Ólafur Ármannsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

Síðan var gengið til fyrirhugaðrar dagskrár.

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 22. janúar sl.

Fundargerð hreppsnefndar frá 22. janúar sl., lögð fram og síðan samþykkt

2. mál. Fundargerð atvinnumálanefndar frá 30. jan. sl.

Fundargerðin lögð fram, varðandi 2. tl. fundargerðarinnar “ samráðsfundur hrepps- og atvinnumálanefndar” kom fram að fulltrúar hreppsnefndar og atvinnumálanefnd munu hittast á morgun föstudaginn 7. feb. nk. til þess að undirbúa verkefnið. Nokkur umræða var um málefni Kaupvangs og framtíð hússins.

3. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 22. jan. sl.

Fundargerð bygginganefndar frá 22. jan. sl. lögð fram.

Fundargerðin síðan samþykkt.

4. mál. Fundargerð stjórnar leiguíbúða aldraðra.

Lögð fram fundargerð stjórnar leiguíbúða aldraðra frá 31. jan. sl. Spurt var um skipun í nefndina, ekki hefur verið skipað í hana eftir kosningar. Einnig komu fram vangaveltur um stækkun íbúða í Sundabúð I. Sveitarstjóri svaraði því að búíð væri að gera bráðabirgða úttekt á kostnaði við breytingar.

Fundargerðin samþykkt með 7 atkv.

5. mál. Fundargerð skólanefndar frá 28. janúar sl.

Lögð fram fundargerð skólanefndar frá 28. jan sl. Í fundargerðinni er lagt til að leikskólagjöld verði hækkuð og jagnframt er bent á að tónlistargjöld eru lægri á Vopnafirði en til að mynda í Fjarðarbyggð og Austur-Héraði. Um gjaldskrármál er sérstaklega fjallað í næsta tölulíð. Samþykkt með 7 atkv.

6. mál. Gjaldskrármál. Rætt almennt um þjónustugjaldskrár í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Jafnframt lögð fram tillaga um 10 %hækkun á leikskólagöldum frá 1. mars nk. Gjaldskrá á leikskólanum breytist því samræmi við neðangreinda töflu:

Almennt mánaðragjald: Mánaðargjald forgangshópa:

Er Verður Er Verður

4 tímar 6.655 7.321 4.992 5.491

5 tímar 8.322 9.154 6.241 6.865

6 tímar 9.986 10.985 7.489 8.238

7 tímar 11.650 12.815 8.737 9.611

8 tímar 13.314 14.645 9.986 10.985  
9 tímar 14.979 16.477 11.234 12.357  
Hressing 1.100 1.210 1.100 1.210  
Matur 2.500 2.750 2.500 2.750  
Tillagan samþykkt með 7 atkv.

Jafnframt rætt um hækkun á húsléigu félagslegra íbúða. Samþykkt að hækka leigu til samræmis við hækkun á tekjutryggingu ellilífeyrispega eða um 12 %.

7. mál. Tillaga að álagningu fasteignagjalda 2003.

Lögð fram tillaga um álagningu fasteignagjalda fyrir árið 2003 hjá Vopnafjarðarhreppi:

I. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir að fasteignagjöld fyrir árið 2003 verði lögð á sem hér segir:

a) Fasteignaskattur á :

- 1) Íbúðarhúsnæði og bújarðir. 0,4 % af heildarfasteignamati
- 2) Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði. 1,65 % af heildarfasteignamati

b) Vatnsgjald og holræsagjald:

1. Vatnsgjald nemi 0,28 % af fasteignamati húss.

Aukavatnsgjald skv. mæli verði kr. 16 fyrir hvern rúmmetra vatns.

2. Holræsagjald nemi 0,15 % af heildarfasteignamati.

c) Lóðarleiga

Lóðarleiga verði 2,0 % af fasteignamati allra lóða á Vopnafirði.

Gjald dagar fasteignagjalda 2003 verði 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september og 1. október. Eindagi verði 15 dögum síðar.

Athugið! Ef fjárhæðir til innheimtu eru lágar er þeim ekki dreift á átta gjaldaga, heldur færri.

Hreppsnefnd heimilar með stoð í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga að fella niður fasteignaskattelli- og örorkulífeyrispega af eigin íbúð á eftirfarandi hátt. Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd. Tekjuviðmiðun eru árstekjur 2002 skv. skattframtali 2003:

a) Einstaklingar

Brúttótekjur 2002 allt að kr. 1.390.000 100% niðurfelling

Brúttótekjur 2002 allt að kr. 1.925.000 50 % niðurfelling

b) Hjón:

Brúttótekjur 2002 allt að kr. 2.060.000 100 % niðurfelling

Brúttótekjur 2002 allt að kr. 2.295.000 50 % niðurfelling

Við fráfall maka eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem fjölskylda hins látna ( hinnar látnu) á og býr í felldur niður að fullu fyrsta árið en að hálfu annað árið eftir fráfall. Búi fullvinnandi einstaklingur (eða hjón) inni á heimili ellilífeyrispega, fellur fasteignaskattur ekki niður.

Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrispega milli áranna 2002 og 2003 hefur hreppsnefnd heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignaskatts, berist umsókn um slíkt.

Sömu reglur skulu gilda um niðurfellingu fasteignaskatts hjá öryrkjum með fulla örorku.

Falli aðstæður ekki undir þær reglur sem að framan greinir skal hreppsnefnd ákveða um lækkun eða niðurfellingu.

II. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir á grundvelli laga nr. 81./ 1988 IV. kafla 22. gr., að leggja á sérstakt sorphirðu og sorpeyðingargjald á hverja íbúð á Vopnafirði á árinu 2003. Gjaldið skal vera

kr. 7.000 á íbúð. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

Nokkur umræða varð um fyrirliggjandi tillögu.  
Tillagan síðan samþykkt með 7 atkv.

8. mál. Drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og B-hluta sjóða, Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2003, lögð fram til fyrri umræðu.  
Lögð fram drög að fjárhagsáætlun aðalsjóðs A –og B hluta sjóða Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2003 til fyrri umræðu. Sveitarstjóri skýrði drögin og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.  
Að loknum umræðum lagði sveitarstjóri til að fyrirliggjandi drögum að fjárhagsáætlunum yrði vísað til síðari umræðu.  
Samþykkt með 7 atkvæðum.

9. mál. Fundargerð um sameiginlegar brunavarnir Vopnafjarðarhrepps, Skeggjastaðahrepps og Þórshafnarhrepps frá 29. jan. sl. Sveitarstjóri skýrði stöðu samstarfs um brunavarnir milli Vopnafjarðar-, Skeggjasaða- og Þórshafnahrepps. Hugmynd er um að stækka svæðið um brunavarnir “austur” og sveitarstjóri óskaði eftir umboði til að taka upp samninga til bráðabirgða við núverandi samstarfsaðila, þar til ákvörðun verði tekin um víðara samstarf austur um.  
Oddviti lagði fram svofellda tillögu: “Hreppsnefnd felur oddvita, sveitarstjóra og slökkviliðsstjóra að vinna að málinu á sama grundvelli og verið hefur”.  
Samþykkt með 7 atkvæðum.

10. mál. Menningarmálanefnd, kosning fulltrúa.

Lögð fram svofelld tillaga að nýrri menningarmálanefnd Vopnafjarðarhrepps:

Borghildur Sverrisdóttir  
Gunnhildur Inga Geirsdóttir  
Gunnar Guðmundsson  
Guðrún Anna Guðnadóttir  
Jón Sigurðsson

Engar frekari tillögur komu fram.

Tillagan samþykkt með 7 atkv.

11. mál. Ýmsar fundargerðir og erindi  
a) Umhverfisráðuneytið, bréf. dags. 21. janúar, varðandi styrk til fráveitufamkvæmda, sem unnið hefur verið að hjá sveitarfélaginu.  
b) Fundargerð launanevndar sveitarfélaga frá 22. janúar sl

Fleira ekki gert og fundi slitið.